

Nd.

734. Nefndarálit

[159. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 16. febr. 1953, um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, en ekki orðið um það sammála. Meiri hlutinn flytur breytingartillögu og mælir með, að svo breytt verði frumvarpið samþykkt. Minni hlutinn (HV og GMM) vill í engu breyta lögunum, og mun hann skila sérstöku álit.

Hins vegar var nefndin öll sammála um, að rétt væri að benda á í sambandi við meðferð þessa máls, að eðlilegt væri, að lög verði sett um skyldur og réttindi sóknarpresta, hvað snertir ábúð þeirra á prestssetursjörðum. Nefndin flytur þó engar tillögur í þá átt að þessu sinni, þar sem komið er að þinglokum.

Við frumvarpið leggur meiri hlutinn fram svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Kirkjumálaráðherra er heimilt með samþykki biskups og skipulagsnefndar prestssetra og að fengnum tillögum nýbýlastjórnar ríkisins, hlutaðeigandi prests og sóknarnefndar að byggja á erfðaleigu hluta af þeim prestssetrum, sem teljast vel fallin til skiptingar, enda sé þess gætt, að landrými prestssetursins sé nægilegt til þess að reka þar gott bú.

Heimildin nær eingöngu til afhendingar lands til nýbýlastofnunar.

Alþingi, 4. maí 1955.

Ásgeir Bjarnason,
form.

Gunnar Gíslason,
fundaskr., frsm.

Jón Pálmason.